

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd 23. ágúst 2010 kl: 17:00 á skrifstofu sveitarfélagsins á Þórshöfn

Mættir voru Reimar Sigurjónsson, Ævar Rafn Marinósson, Hafliði Jónsson, Kristján Indriðason og Sigríður Gamalielsdóttir.

- 1 Göngur  
Rætt um dagsetningu á fyrstu göngum og ákveðið að fara 10. september og byrja að smala Tunguselsheiði (sjá gangnaseðil sem fylgir)
- 2 Bréf frá Félagsbúinu Tunguseli  
Sótt um leyfi til að rétta allt fé úr vesturheiði, í Tunguselsrétt. Réttin rúmar 5000 fjár, vinnuaðstaða er góð en réttin hefur enga réttarstöðu í sveitarfélaginu í dag. Samþykkt samhljóða.
- 3 Niðurröðun gangna  
Raðað niður í göngur á austur- og vestursvæði. Reimar hafði samband við Fjallalamb um niðurröðun á sláturdögum. Aðrar göngur á austursvæði verða ákveðnar síðar.
- 4 Erindi frá Halldóri Halldórssyni um styrk til að laga réttaraðstöðu á Þorvaldsstöðum. Reimari falið að ræða við sveitarstjóra.

Fundi slitið kl: 20:12.